

**Nd.**

**109. Breytingartillögur**

**[65. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni og Pétri Péturssyni.

Framan við efnisliði 1. gr. koma nýir liðir:

- a. Á eftir B. 41 komi fjórir nýir liðir:
  1. *Snorrastaðavegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
  2. *Syðri-Rauðamelsvegur*: Af Hnappadalsvegi neðan Mýrdalsréttar um Rauðhálsa að Syðri-Rauðamel.
  3. *Stórahraunsvegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Haffjarðarár að Stórahrauni.
  4. *Höfðavegur*: Af Stykkishólmsvegi sunnan Gerðubergslækjar um Gerðuberg, Ytri-Rauðamel að Höfða.
- b. B. 46 orðist svo:

*Skógarnesvegur*: Af Stykkishólmsvegi vestan Stóru-Þúfu, um Miklaholt, Ytra- og Syðra-Skógarnes, Hausthús og Hömluholt á Stykkishólmsveg hjá Hömluholtsmel.
- c. B. 49 orðist svo:

*Ölkelduvegur*: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slitvindastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.
- d. Á eftir B. 53 kemur nýr liður:

*Miðhúsavegur*: Af Útnesvegi vestan Ytri-Tungu að Miðhúsum.
- e. Á eftir B. 60 kemur nýr liður:

*Hofstaðavegur*: Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog, að Hofstöðum, Jónsnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.